
F U N D A R G E R Ð

Fundur:	90. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.
Fundartími:	Þriðjudagur 10. október 2006, kl. 13:00-15:10
Fundarstaður:	Verkfræðistofan AFL, Bíldshöfða 14
Fundarefni:	1) Kynning á kerfi fyrir innra net fyrirtækja sem sýnir kostnað vegna skorts. 2) Skýrsla um kostnað vegna skorts. 3) Endurskoðun skráningarreglna. 4) Áætlun ársins 2007 og endurskoðun á forriti miðað við að keyra það á innra neti. 5) Staða skráningar. 6) Önnur mál

Á fundinn mættu:

START:

Nils Gústavsson
Steingrímur Jónsson
Kristín Haralda Cecilsdóttir
Gunnar Haukur Gunnarsson
Ragnar Emilsson
Jón Vilhjálmsson
Egill Sigmundsson
Sigfús Guðlaugsson
Ólafur Pálsson
Rúnar S. Svavarsson
Jakob Ólafsson

Verkfræðistofan Afl:

Fjarverandi:

- 1) JV sýndi kerfi sem Verkfræðistofan AFL hefur sett upp á innra neti til að skoða kostnað vegna skorts. Hann fór yfir uppsetninguna á kerfinu og sýndi niðurstöður fyrir Landsnet. JV sagði að nokkur vinna væri hjá hverri veitu að setja upp kostnaðartölur og notkunartölur fyrir hverja stöð fyrir sig. Hann sagðist mundi selja kerfið sjálft en síðan þyrftu menn að greiða fyrir uppsetningu og skilgreiningu ganga sem unnin væri í samvinnu við starfsmenn viðkomandi veitu. Fundarmenn töldu kerfið áhugavert og ætla að kanna hvort áhugi er fyrir því að setja það upp hjá fyrirtækjunum. JV var falið að taka saman lýsingu á kerfinu og senda til fundarmanna.
- 2) JV sagðist hafa uppfært skýrslu um kostnað vegna skorts út frá gögnum ársins 2004. Einnig hafa verið áætlaðar tölur fyrir 2006 og 2007. Ákveðið var að fá ISBN númer á

- skýrsluna. JV mun senda fundarmönnum skýrsluna eftir fundinn og þeir koma með athugasemdir fyrir 1. nóvember. Ef ekki koma athugasemdir er litið svo á að skýrslan sé samþykkt og hún verður þá sett á heimasíðu START hópsins.
- 3) NG spurði hvort ekki væri áhugavert að vera með starfandi hóp sem stöðugt endurskoðaði skráningarreglurnar svipað og gert er á Norðurlöndunum. Einnig væri slíkt góður vettvangur fyrir skráningaraðila til að skiptast á skoðunum. Nokkur umræða var um það hvernig slíku væri best fyrir komið. Ákveðið var að byrja á því að láta skráningaraðila fara yfir reglurnar og koma með athugasemdir. Í kjölfar þeirra athugasemda verður ákveðið með framhaldið.
 - 4) JV fór yfir drög að áætlun sem er að finna í drögum að verkefnishandbók. Þar eru sýnd tvö tilvik þar sem annað tekur mið af því að skráningarforritið verði endurgert og þá miðað við netútgáfu. SJ sagði að það kæmi til greina hjá Rarik að taka upp skráningarkerfi hópsins ef það verður endurskoðað en þá þarf að bæta inn sérþörfum Rarik sem þeir þyrftu að greiða. JV var falið að taka saman kosti þess að útbúa nýtt skráningarforrit og senda til hópsins í næstu viku. SJ ætlar að kanna hvort Rarik mundi vilja taka upp skráningarforritið ef það verður endurskrifað. Fundarmenn munu annars senda athugasemdir við áætlunina fyrir 1. nóvember og verða að taka ákvörðun um hvort þeir vilja fara út í að endurskrifa skráningarkerfið fyrir þann tíma.
 - 5) Farið var yfir stöðu skráningar. RE sagði að mest væri um skráningu hjá Orkubúi Vestfjarða fyrstu tvo mánuði ársins en minna væri um skráningar yfir sumarið. SJ sagði að frekar rólegt væri yfir skráningunni hjá Rarik núna og hann hefði verið að ýta á sína menn. KHC hélt að um 70% truflana það sem af er ársins hefðu verið skráðar hjá Orkuveitu Reykjavíkur. NG sagði að skráningin gengi vel hjá Landsneti en þeir væru að vinna að því að koma á skráningu fyrir þær einingar sem fluttar voru til Landsnets 2005 auk þess að taka upp notkun KKS kóða. GHG sagðist ekki vera farinn að skrá truflanir ársins en hann hefði fengið sína menn til að skrá ítarlegri texta um truflanir á blað til að auðvelda skráningu inn í tölvukerfið.
 - 6) JV nefndi að hann hefði tekið saman skýrslu fyrir Orkuveitu Reykjavíkur um truflanir síðustu tíu ára. KHC sagði að skýrslunni hefði verið vel tekið og nýtist hún vel til að réttlæta þann kostnað sem fer í skráninguna. SJ bað um að fá tölur um kostnað við að taka saman slíka skýrslu.

NG sagði að Orkustofnun hefði gefið út skýrslu í nafni START hópsins um truflanir árána 1992-2002 sem aldrei var borin undir hópinn. Hann taldi slíkt ekki eðlileg vinnubrögð og spurði hvort ekki væri eðlilegt að taka þetta upp við Orkustofnun. Fundarmenn voru sammála því og ætlar NG að hafa samband við Orkustofnun..

RE spurði hvort ekki væri eðlilegt að samræmi væri í einingarskáningu START hópsins og þeim upplýsingum sem Orkustofnun væri að biðja veiturnar um. Fundarmenn voru sammála því og var JV falið að skoða þetta mál og ræða það við Ívar. Einnig vildi RE bæta kerfismínútum og virkum viðgerðartíma í lista um truflanir og var það samþykkt.

Fleira ekki gert. Næsti fundur ekki ákveðinn.

Jón Vilhjálmsson

Sýnt var á fundinum og skal senda til fundarmanna eftir hann:

- “Kostnaður vegna raforkuskorts. Tölur til notkunar árið 2006.” Drög 3
- “Vinna fyrir starfshóp um rekstrartruflanir 2007. Verkefnishandbók.” Drög 1

Sýnt var á fundinum:

- Kerfi til skoðunar á kostnaði vegna raforkuskorts.